

Dæmi um tónleikaúthlutun til höfunda á ársgrundvelli

STEF úthlutar tvisvar sinnum á ári fyrir lifandi flutning á tónleikum eða sambærilegum viðburðum. Hér má sjá nokkur tilbúin dæmi sem sýna hvernig úthlutun getur verið háttáð. Rétt er að geta þess, að grundvallarskilyrði fyrir því að fá úthlutað fyrir lifandi flutning, er að STEFi berist viðeigandi lagalistar, annaðhvort frá höfundi eða tónleikahaldara. Ella er ekki hægt að úhluta neinu. Best er auðvitað að skila listum sem fyrst að loknum tónleikum. Hafi lagalistar ekki skilað sér innan tveggja ára frá viðkomandi tónleikum, þá fynast viðeigandi greiðslur.

— Dæmi 1 —

Höfundur 10 laga, sem jafnframt er flytjandi, kemur fram á tvennum tónleikum á Menningarnótt í Reykjavík, fjórum árshátíðum/skóladansleikjum, 15 tónleikum á bar/skemmtistað/kaffihúsi og sex sinnum á tónleikum hér og þar um landið, þar sem tónleikastaðurinn hefur samning við STEF um fastar greiðslur eða þar sem tónleikahaldari greiðir lágmarksverð.

Höfundurinn fengi úthlutað frá STEFi (eftir að búið er að draga frá umsýsluþóknun STEFs og hlutdeild annarra höfunda sem eiga verk á sömu viðburðum):

| | | |
|----|------------------------------|------------|
| 2 | Menningarnótt | 30.400 kr |
| 4 | Árshátíðir | 36.000 kr |
| 15 | Skemmtistaðir/barir/kaffihús | 22.500 kr |
| 16 | Tónleikar (lágmarksgjald) | 37.800 kr |
| | Samtals: | 126.700 kr |

— Dæmi 2 —

Höfundur hefur samið sex verk með öðrum höfundum, sem eru flutt á hinum ýmsu tónleikum hér og þar um landið. Viðkomandi á helming laganna á móti öðrum höfundum.

Verkin eru flutt á einum tónleikum með 1.000 gestum, þar sem miðaverðið er 7.000 kr. Í heild eru flutt 21 verk á tónleikum (höfundurinn átti sex af þeim). Þá eru verkin sex flutt á stórtónleikum Menningarnætur á Arnarhóli, ásamt því að þau eru flutt á 10 árshátíðum/skóladansleikjum. Eins eru lög hans flutt 10 sinnum á tónleikum, þar sem lágmarksgjald er greitt eða viðkomandi staðir með samning um fastar greiðslur, 20 sinnum á ýmsum skemmtistöðum og á tveimur bæjarhátíðum.

Höfundurinn fengi úthlutað frá STEFi sem hér segir (eftir að búið er að draga frá umsýsluþóknun og hlutdeild annarra höfunda sem eiga verk sem flutt eru á sömu viðburðum, svo og hlutdeild annarra höfunda í verkunum):

| | | |
|----|---------------------------|------------|
| 1 | Menningarnótt | 32.523 kr |
| 10 | Árshátíðir | 27.000 kr |
| 10 | Tónleikar (lágmarksgjald) | 31.500 kr |
| 20 | Skemmtistaðir | 15.000 kr |
| 2 | Bæjarhátíðir | 4.560 kr |
| | Samtals: | 110.583 kr |

— Dæmi 3 —

Höfundur kemur fram tvisvar sinnum í viku, á sitt hvorum hótélbarnum, með eigið efni yfir heilt ár og heldur ferna tónleika þar sem lágmarksgjald er greitt. Höfundurinn flytur einnig verk á tveimur tónlistarhátíðum og á einni bæjarhátíð. Höfundurinn á nær allt efnið sem flutt er.

Höfundurinn fengi úthlutað frá STEFi sem hér segir (eftir að búið er að draga frá umsýslubóknun):

| | | |
|-----|------------------------------|-------------------|
| 108 | Skemmtistaðir/barir/kaffihús | 162.000 kr |
| 4 | Tónleikar (lágmarksgjald) | 25.200 kr |
| 2 | Tónlistarhátíð | 22.680 kr |
| 1 | Bæjarhátíðir | 15.200 kr |
| | Samtals: | 225.080 kr |

— Dæmi 4 —

Höfundur hefur samið fjögur verk sem flutt eru af ýmsum kórum víðsvegar um landið á átta tónleikum, aðallega í kirkjum. Þá hefur höfundurinn samið „kammerverk“ (verk fyrir litla hljómsveit), sem flutt er á tónleikastað sem hefur samning við STEF um lágmarksgreiðslur og er það einnig flutt á tveimur tónlistarhátíðum, ásamt því að eiga eitt verk sem flutt var á orgelhátíð.

Höfundurinn fengi úthlutað sem hér segir (eftir að búið er að draga frá umsýslubóknun og hlutdeild annarra höfunda sem eiga verk sem flutt eru á sömu viðburðum):

| | | |
|---|---------------------------|------------------|
| 8 | Kórverk í kirkjum | 12.000 kr |
| 1 | Tónleikar (lágmarksgjald) | 6.300 kr |
| 2 | Tónlistarhátíð | 25.200 kr |
| 1 | Orgelhátíð | 15.200 kr |
| | Samtals: | 58.700 kr |

— Dæmi 5 —

Tveir höfundar eiga í sameiningu með skiptingunni 50/50 nokkur verk sem flutt eru á tónleikum í Laugardalshöll, sem upphitun fyrir erlenda stórstjörnu. Miðað er við nýlegt dæmi um miðaverð (15.990 – 29.990, eftir því hvort um er að ræða stúku eða stæði) og að 90% sæta/stæða sé nýtt.

Hvor höfundur um sig fengi úthlutað frá STEFi (eftir að búið er að draga frá umsýslubóknun):

| | | |
|---|---------------------------|------------|
| 1 | Upphitun í Laugardalshöll | 102.552 kr |
|---|---------------------------|------------|

-
- Tekið saman í júní 2023, með hliðsjón af þágildandi verðskrá (apríl 2023).